

Gammakonur hófu hauststarfið með heimsókn í Veröld - hús Vigdísar, miðvikudaginn 6. september 2017.

Þar tók Ólöf Ingólfssdóttir á móti okkur og fræddi um húsið, arkitektúrinn og um starfsemina í húsi tungumála. Hún lýsti einstaklega vel hugsuninni í hönnun hússins og hvernig stigin í miðju þess er bæði leið á milli kennslustofa, skrifstofa fræðimanna og salarins en jafnframt brú á milli landa og menningarheima. Spjallspýturnar í miðjurýminu gefa tækifæri á sameiningu tungumála. Fleira í hönnuninni hefur skírskotun í líf og starf Vigdísar eins og útileikhúsið, svalirnar, tréð og í sýningarsal hússins skoðuðum við einmitt sýninguna SAMTAL – DIALOGUE um líf og störf Vigdísar.

Á sýningunni er sagt frá námsárum Vigdísar erlendis og starfi hennar sem frönskukennari, leiðsögumaður og síðar leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur 1972-1980. Gerð er grein fyrir fjölbreyttu hlutverki hennar sem forseti Íslands árin 1980-1996 og öllu því góða starfi sem hún hefur unnið eftir að forsetatíð lauk, m.a. sem velgjörðarsendiherra tungumála á vegum UNESCO - mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sem öflugur liðsmaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem hefur aðsetur í Veröld. Jafnframt fengum við innsýn í hugðarefni Vigdísar, sáum nokkrar eftirlætisbækur hennar, tilvitnanir og kvæði og gátum fylgst með vexti Vinaskógar í Þingvallabjórðgarði, sem stofnaður var henni til heiðurs. Settumst á bláu leikhússtólana og vorum hvattar til að taka þátt í samtali við Vigdísi og hugleiða hugtökin heiðarleiki, mannréttindi, menning, þekking, jafnrétti, tungumál, framfarir, vísýni og menntun.

Það var sterk upplifun að sjá hvernig arkitektunum Haraldi Erni Jónssyni og Kristjáni Garðarssyni hjá stofunni Andrúm hefur tekist að sameina fjölbreytt hugtök í fallega byggingu með mikilvæga starfsemi.

Þessu næst var haldið á veitingastaðinn Nauthól. Þar setti Ingibjörg Einarsdóttir formaður fundinn formlega því að kveikja á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

María Pálmadóttir gerði nafnakall, mjög góð mæting var á fundinum að venju, mættar voru 32 konur.

Orð til umhugsunar hafði Ingibjörg Einarsdóttir valið úr bókinni: *Konur hafa orðið allan ársins hring dagatalsbókin 2010*. Fundarkonur fengu afhenta miða með ýmsum spakmælum á, sem þær lásu upphátt. Það voru sannarlega orð til umhugsunar.

Helga Thorlacius las fundargerð afmælisfundarins og var hún samþykkt.

Þessu næst var borinn fram dýrindis kjúklingaréttur.

Helga Halldórsdóttir sagði frá Landssambandsþinginu sem haldið var í Menntaskólanum á Akureyri dagana 6.-7. maí síðastliðinn. Gamma konur höfðu fengið rútu sem var full af Gamma konum og fleirum og var glatt á hjalla á leiðinni. Þema þingsins var Forysta og faglegt lærdómssamfélag. Um 80 konur sóttu þingið þar af 14 úr Gammadeild. Flutt voru frábær erindi **og var** Beverly Helms **gestur** þingsins og flutti fyrsta erindið sem hún nefndi: *Does DKG Leadership promote Learning Communities?* Má lesa nánar um erindin og þingið á heimasíðu Landssambandsins. Matinn sá Icelandair hótelið um, þar var einnig hátíðarkvöldverðurinn haldinn. Kristín Jónsdóttir úr Gamma deild sá um veislustjórn. Deildirnar sáu um skemmtiatriði og steig Gamma deild á svið með talkór sem Ingibjörg Einarsdóttir stjórnaði.

Á aðalfundinum á sunnudeginum var þeim Áslaugu Brynjólfsdóttur og Sigrúnu Jóhannsdóttur veitt viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu Delta Kappa Gamma. Jóna Benediktsdóttir var kosin nýr formaður landssambandsins. Þetta var skemmtileg ferð og þing í alla staði.

Ingibjörg Jónasdóttir sagði frá Evrópuþinginu sem haldið var í Tallin í Eistlandi. 11. konur úr hinum ýmsu deildum mættu á þingið frá Islandi. Yfirskrift þingsins var Supportive Learning Environment. Ingibjörg ítrekaði hversu mikilvægt er að mæta á Evrópuþing og finna púlsinn í samtökunum og kynnast konum hvaðanæva að. Hún sagði það hafa verið athyglisvert hversu tónlistin ætti ríkan þátt í öllu skólastarfi í Eistlandi. Hún er alls staðar tvinnuð inn í námið og menninguna. Í þeim þrengingum sem þjóðin hefði gengið í gegnum hefði tónlistin, kórastarf og hljóðfæraleikur bjargað fólkinu. Í lokin afhenti hún Pálínu Jónsdóttur tösku með kveðju frá konum sem sóttu þingið í Tallinn og þekktu Pálínu.

Ingibjörg kynnti síðan dagskrá vetrarins. Yfirskrift vetrarstarfsins er Kennarinn, menning, fagvitund. Haldnir verða níu fundir yfir veturinn. Spunnust nokkrar umræður um starfið, en konur voru ánægðar með tillögurnar. Pálína stóð upp og þakkaði stjórn fyrir val á verkefnum vetrarins. Að lokum sungu konur Ljóð Gammadeildarinnar, sem Ingibjörg færði deildinni að gjöf í tilefni 40 ára afmælisins.

Ingibjörg Einarsdóttir formaður þakkaði konum fyrir ánægjulegt kvöld sleit síðan fundi með því að slökkva á kertunum þremur.

Fundargerð rituðu: Edda Pétursdóttir og Helga Thorlacius